Benedikt Einarsson (1852-1928), bóndi, Saurbæjarhreppi.

2011/103

Benedikt Einarsson var fæddur á Hallanda, Svalbarðsströnd 18. ágúst 1852.

Samkvæmt Íslendingabók bjó hann síðar með Soffíu móður sinni á Skriðu í Eyjafirði og var vinnumaður á Skriðu árið 1870, árið 1880 er hann sagður húsmaður á Öxnafelli.

Frá árunum 1883-1920 bjó hann á Hálsi í Saurbæjarhreppi og var bóndi þar.

Kona hans var Margrét Kristín Ólafsdóttir.f. 16. desember 1850, d. 13. apríl 1916.

Benedikt starfaði sem hreppstjóri Saurbæjarhrepps frá 1901 til 1928. Hann var meira viðriðinn opinber störf en nokkur annar samtíðarmaður hans í Eyjafirði. Benedikt var hreppstjóri í 27 ár, oddviti hreppsins í 3 ár, í sýslunefnd Eyjarfjarðarsýslu í nær 2 áratugi, endurskoðandi reikninga Kaupfélags Eyfirðinga í 24 ár og formaður Búnaðarfélags Saurbæjarhrepps í 13 ár.

Benedikt var sæmdur riddarakrossi Dannebrogsorðunnar árið 1907 fyrir opinber störf sín. Hann hafði leyfi til smáskammta lækninga og stundaði Homopatiu.

Benedikt var skáldmæltur og gaf út ljóðabók sem hét „Vökudraumar“ og kom út árið 1925. Hann var markvörður enda þótti hann afar fjárglöggur og þekkti fjármörk manna langt út fyrir héraðið.

Benedikt dó að Hálsi í Saurbæjarhreppi 8. júlí 1928.

Afhendingin barst frá Ingibjörgu Bjarnadóttur frá Gnúpufelli. Handrit eftir Benedikt má finna í G-40/21 og ljóð eftir Benedikt má finna í skjalasöfnum ýmissa annarra skjalamyndara sem eru varðveitt hér.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
5. júní 2026

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni	2011 /103

A-Benedikt Einarsson

A-Benedikt Einarsson 2005 - 2011

A	1	1	2005 - 2011	Bréf til Héraðsskjalasafnsins á Akureyri frá Ingibjörgu Bjarnadóttur, afhendingaraðila, varðandi afhendinguna og skjalamyndara. Grein um Benedikt Einarsson skrifuð af Ingibjörgu Bjarnadóttur, birtist í héraðsblaðinu Eyvindi 2005.
A	1	2	-	Lög eftir Benedikt Einarsson, Hálsi, Saurbæjarhreppi, ljósrit.